

Rétthafagreiðslur RSÍ
Ljósvakasjóður og Höfundasjóður

Ársreikningur 2023

Rétthafagreiðslur
Dyngjuvegi 8
104 Reykjavík
kt. 540269-5649

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar.....	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar RSÍ vegna Rétthafagreiðslna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rétthafagreiðslna RSÍ fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðanna á árinu 2023 og efnahag þeirra 31. desember 2023 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Rétthafagreiðslum RSÍ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Rétthafagreiðslna RSÍ. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Garðabæ, 4. mars 2024
Endurskoðun og ráðgjöf ehf.

Sindri Freyr Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Rétthafagreiðslna RSÍ er úthlutun styrkja og rétthafagreiðslna. Rétthafagreiðslur eru í eigu og umsjá Rithöfundasambands Íslands, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík. Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag og rétthafasamtök rithöfunda og þýðenda. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna rithöfunda og þýðenda í samræmi við alþjóðavenjur.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Rekstur ársins 2023

Hagnaður til ráðstöfunar varð af rekstri Rétthafagreiðslna á rekstrarárinu að fjárhæð 20 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 57,2 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á eigin fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri RSÍ vegna Rétthafagreiðslna staðfesta hér með ársreikning Rétthafagreiðslna fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. mars 2024

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrartekjur			
Greiðslur frá IHM v/réttinda.....		22.785.950	23.078.822
Greiðslur frá Fjölís.....		10.493.428	10.838.224
		<hr/>	<hr/>
Rekstrartekjur alls		33.279.378	33.917.046
Rekstrargjöld			
Annar rekstrarkostnaður.....		1.814.878	6.141.990
Kostnaðarþátttaka.....		8.319.845	16.677.910
Þátttaka í rekstri vinnuhúsa.....		1.574.014	1.625.734
Framlag í varasjóð.....		1.574.014	1.625.734
		<hr/>	<hr/>
Rekstrargjöld alls		13.282.751	26.071.368
Hagnaður til ráðstöfunar		19.996.627	7.845.678
Réttindagreiðslur og styrkveitingar			
Réttindagreiðslur.....		12.533.716	12.338.044
Styrkir.....		4.005.325	4.041.927
		<hr/>	<hr/>
Réttindagreiðslur og styrkveitingar alls		16.539.041	16.379.971

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr	2023	2022
Veltufjármunir			
Rithöfundasamband Íslands		59.162.518	56.436.298
	Veltufjármunir alls	<u>59.162.518</u>	<u>56.436.298</u>
Eignir samtals		<u>59.162.518</u>	<u>56.436.298</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll	3	57.156.193	53.698.607
	Eigið fé alls	<u>57.156.193</u>	<u>53.698.607</u>
 Skammtímaskuldir			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur		2.006.325	2.737.691
	Skammtímaskuldir alls	<u>2.006.325</u>	<u>2.737.691</u>
Skuldir samtals		2.006.325	2.737.691
Eigið fé og skuldir samtals		<u>59.162.518</u>	<u>56.436.298</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rétthafagreiðslur eru í eigu og umsjá Rithöfundasambands Íslands og er lögheimili þeirra Dyngjuvegur 8, 104 Reykjavík. Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag og rétthafasamtök rithöfunda og þýðenda. Tilgangur þess er að gæta hagsmuna rithöfunda og þýðenda í samræmi við alþjóðavenjur. Aðalstarfsemi Rétthafagreiðslna RSÍ er úthlutun styrkja og rétthafagreiðslna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn samanstendur af tveimur sjóðum innan Rithöfundasambands Íslands, þ.e. Höfundasjóði og Ljósvakasjóði.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum nema þar sem annað er tilgreint og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

3. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll	Samtals
Staða 1.1.....	53.698.607	53.698.607
Hagnaður ársins.....	19.996.627	19.996.627
Réttindagreiðslur og styrkveitingar.....	(16.539.041)	(16.539.041)
Staða 31.12.....	57.156.193	57.156.193

Sundurliðanir

4. Rekstrartekjur	2023	2022
Rekstrartekjur greinast þannig:		
Greiðslur frá IHM		
Greiðslur frá IHM v/réttinda.....	22.785.950	23.078.822
	<u>22.785.950</u>	<u>23.078.822</u>
Greiðslur frá Fjölís		
Fjölíssjóður.....	10.493.428	10.838.224
	<u>10.493.428</u>	<u>10.838.224</u>
5. Rekstrargjöld, rétthafagreiðslur og styrkveitingar	2023	2022
Réttindagreiðslur		
Ljósvakasjóður - úthlutun til rétthafa.....	12.533.716	12.338.044
	<u>12.533.716</u>	<u>12.338.044</u>
Styrkir		
Höfundasjóður - Ferðastyrkur.....	981.325	1.131.927
Höfundasjóður - Starfsstyrkir.....	3.024.000	2.910.000
	<u>4.005.325</u>	<u>4.041.927</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	1.267.378	5.404.370
Kostnaður við úthlutanir.....	547.500	737.620
	<u>1.814.878</u>	<u>6.141.990</u>

Sundurliðanir

Höfundasjóður	2023	2022
Staða í upphafi árs.....	281.846	80.943
Fjölísgreiðsla.....	10.493.428	10.838.224
Ferðastyrkir	(981.325)	(1.131.927)
Starfsstyrkir	(3.024.000)	(2.910.000)
Kostnaður við úthlutun.....	(297.500)	(230.000)
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	(633.689)	(404.370)
Kostnaðarþátttaka.....	(2.623.357)	(2.709.556)
Þátttaka í rekstri vinnuhúsa.....	(1.574.014)	(1.625.734)
Framlag í varasjóð RSÍ.....	(1.574.014)	(1.625.734)
	<u>67.375</u>	<u>281.846</u>
Ljósvakasjóður		
Inneign í ársbyrjun.....	56.154.453	17.169.178
Greiddur fjármagnstekjuskattur frá fyrra ári.....	(2.737.691)	(1.780.170)
IHM greiðsla.....	22.785.950	23.078.822
Greiðsla frá IHM v/uppgjörs 11. gr. tekna.....	0	46.762.950
Réttindagreiðslur	(12.533.716)	(12.338.044)
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	(633.689)	(5.000.000)
Kostnaður við úthlutun.....	(250.000)	(507.620)
Kostnaðarþátttaka.....	(5.696.488)	(13.968.354)
Fjármagnstekjuskattur.....	2.006.325	2.737.691
	<u>59.095.144</u>	<u>56.154.453</u>